

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 254/2021

frá 24. september 2021

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/778 frá 12. júní 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/773 að því er varðar þann dag sem hún kemur til framkvæmda í kjölfar framlengingar lögleiðingarfrests fyrir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/797 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/779 frá 12. júní 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/250 að því er varðar þann dag sem hún kemur til framkvæmda í kjölfar framlengingar lögleiðingarfrests fyrir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/797 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/780 frá 12. júní 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 445/2011 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/779 að því er varðar ráðstafanir til að framlengja gildistíma tiltekinna skírteina aðila sem bera ábyrgð á járnbrautarviðhaldi og gildistíma tiltekinna umbreytingarákvæða vegna COVID-19 heimsfaraldursins ⁽³⁾.
- 4) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 37pc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/250):

„, breytt með:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 188, 15.6.2020, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 188, 15.6.2020, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 188, 15.6.2020, bls. 8.

- **32020 R 0779:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/779 frá 12. júní 2020 (Stjttíð. ESB L 188, 15.6.2020, bls. 6).“
- 2. Eftirfarandi er bætt við lið 37pd (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/773):

„, breytt með:
 - **32020 R 0778:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/778 frá 12. júní 2020 (Stjttíð. ESB L 188, 15.6.2020, bls. 4).“
- 3. Eftirfarandi er bætt við lið 42id (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/779):

„, breytt með:
 - **32020 R 0780:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/780 frá 12. júní 2020 (Stjttíð. ESB L 188, 15.6.2020, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2020/778, (ESB) 2020/779 og (ESB) 2020/780, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. september 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 248/2021 frá 24. september 2021 ⁽⁴⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(⁴) Verður birt.

formaður.

ÓOPINBER BÝÐING